

49

1. júní

REGLUGERÐ

um bann við dragnótaveiði í landhelgi í Dýrafirði í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Enginn má nota neina tegund dragnóta, þar á meðal kolanætur (Snurrevaad), til fiskveiða í landhelgi innan línu frá Þúfu austan Dýrafjarðar og í Sléttanestá vestan við fjörðinn á tímabilinu frá 1. september til 30. nóvember ár hvert.

Bann þetta nær jafnt til allra skipa og báta, sem slík veiðarfæri nota. Þó skal eigendum og nothöfum jarða þeirra, er að sjó liggja á bannsvæðinu, heimilt að nota ádráttarnætur og draga þær á land.

2. gr.

Lögreglustjóra og skipum þeim, er hafa á hendi landhelgisgæzlu, ber að annast um að bannákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar þeim sektum og viðurlögum, sem á kveðin eru í framangreindum lögum.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. september 1934, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. júní 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

50

4. júní

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð 12. maí 1930 um breytingu á fjallskilareglugerð Dalasýslu frá 17. ágúst 1923.

38. gr., sem er í VIII. kafla reglugerðarinnar eins og hann á að vera samkvæmt breytingunni 12. maí 1930, orðist þannig:

Á sláturfénaði eða öðrum förgunarfénaði skal rekstrum hagað svo, að þeim, sem búa á löndum, sem um er rekið eða áð er í, verði sem minnstur bagi að, og skulu hverjum fjárrekstri fylgja minnst 2 menn með 150 kindum eða færri, við fyrsta tug hvers hundraðs, sem framyfir er 150, bætist einn maður við.

Áður en fé er aflífað á slátrunarstöðum eða selt á markaðsstöðum, — en markaðsstaðir teljast hvert það heimili, er fjárkaupmenn kaupa fé á, — skal